

Bæjarstjórn Garðabæjar

B/t Bæjarráðs Garðabæjar

Garðatorgi 7

210 Garðabær

Álftanesi, 19. apríl 2021

Erindi: Rammaútboð Garðabæjar í apríl 2021

Á heimasíðu Garðabæjar er auglýst útboð rammasamningur raflagnir og málningarvinna. Við teljum rétt að koma á framfæri athugasemdum um þessi útboð og ekki síst þeim sérkennilegu upptökum sem hafa orðið í samskiptum við starfsmenn Garðabæjar síðustu mánuði.

Athygli vekur að umrædd útboð (tvö útboð) eru auglýst og kynnt án þess að bæjarstjórn sveitarfélagsins hafi farið yfir útboðsskilmála eða samþykkt útboðin. Þetta er því athyglisverðara þar sem umrædd útboð eru ný af nálinni og stefnumarkandi og reynslan af sambærilegum útboðum sveitarfélags hafa oft reynst illa og valdið sveitarfélögum og stofnunum þeirra erfiðleikum og fjárhagslegu tjóni. Þó margt sé gott og vel unnið í umræddum útboðum eru þar fjölmörg atriði sem ekki virðast standast lög eða reglur. Einnig virðist sem ýmis ákvæði hafi verið sett í útboðið til að mögulega útiloka okkur og/eða hygla fyrirhuguðum tilboðsgjöfum.

Ekki er að finna heimild fyrir starfsmenn sveitarfélagsins að fullvinna og taka ákvörðun um útboðsskilmála og auglýsa útboð án aðkomu og samþykkis bæjarstjórnar. Því er allmikill vafi á að umrædd útboð séu lögmæt og geta útboðin þar af leiðandi verið úrskurðuð ógild.

Umrædd útboð eru fyrstu rammaútboð sinnar tegundar gagnvart iðnaðarmönnum sem Sveitarfélagið Garðabær gerir. Áður hefur Sveitarfélagið Álftanes sem sameinaðist Garðabæ framkvæmt slíkt útboð árið 2007 og 2009. Reynslan af þeim útboðum var bæði góð og slæm þar sem tveir verktakar af fjórum sem gerðu verksamning stóðu ekki undir nafni þegar á reyndi og þurfti sveitarfélagið þá að rifta samningum.

Bréfitari og Rafmagnsþjónustan ehf. hafa unnið raflagnavinnu fyrir hið sameinaða sveitarfélag meira og minna allt frá árinu 1981 við mjög góðan orðstír og aldrei borist kvartanir. T.d byggðir einstakir áfangar Álfthanesskóla svo og raflagnahluti ýmissa annarra áfanga. Þá hefur bréfitari séð um alla þjónustu við Álfthaneshluta bæjarfélagsins samfelld frá árinu 1992 s.s. eftir rammaútboð árin 2007 og 2009.

Bréfitari hefur átt mjög gott samstarf við starfsmenn Álfthaness og síðar Garðabæjar og sérstaklega þeirra stofnana sem við höfum þjónað enda höfum við ávallt brugðist strax við ef skyndilegar bilanir koma upp.

Síðastliðið sumar fór að gæta sérkennilegrar framkomu [REDACTED] hér eftir nefndur FE. Aðrir rafverktakar fóru þá skyndilega að vinna verk sem við höfðum sinnt fram að því.

Nokkru síðar þegar lagður hafði verið inn reikningur fyrir allstórt verk var bréfitari kallaður á fund FE sem sagði að vinnutímar verksins að hans mati vera allt of marga og ef vinnuliður reikningsins yrði ekki lækkaður um helming yrði fyrirtækið útilokað frá frekari vinnu fyrir Garðabæ.

Eftir fund með [REDACTED] bæjarverkfræðingi, sem sagði að svona væri ekki unnið í Garðabæ var samþykkt af öllum aðilum að mæla verkið og mælingin yrði grundvöllur vinnuliðar reikningsins. Ákvæðisvinnustofa rafvirkja mældi verkið upp og vinnuliðurinn sem hafði verið um 3,9 milljónir (ánVSK) hækkaði í 4,9 milljónir.

Við viðbótarreiknisgerðina var gefinn 230 þús kr. samstarfsafsláttur gegn því að Rafmagnsþjónustan ynni áfram fyrir bæjarfélagið sem FE samþykkti. Jafnframt var lagður fram rammisamningur frá útboði 2007 og 2009 og álit lögfræðinga Samtaka Atvinnulífsins og Samtaka lðnaðarins ásamt öðrum lögmanni um að verksamningurinn hefði enn gildi. FE taldi sig vita betur og sagði samninginn útrunninn. FE virti ekki samkomulagið og sendi allar verkbeiðnir til annarra rafverktaka. Þá kallaði bréfitari eftir afstöðu til verksamningsins frá bæjarverkfræðingi og bæjarritara ásamt því að eiga símtal við bæjarstjóra.

Í framhaldinu staðfesti bæjarritari að verksamningur okkar væri í gildi og Garðabær myndi virða samninginn. Eftir það fóru að berast verkbeiðnir frá FE en einnig fengu aðrir verktakar verkbeiðnir á verkum sem við höfðum unnið. FE hundsaði niðurstöðu bæjarritara. Nú er staðan sú að allnokkur tregða er á að FE áframsendi verkbeiðnir til okkar.

Því miður er þetta ekki í fyrsta skipti sem verktakar á svæðinu verða varir við svona háttalag. Fyrir um þremur árum hætti FE skyndilega að kalla til málameistarinn [REDACTED] sem hafði unnið fyrir Garðabæ í um 30 ár en réði þess í stað tengdason sinn sem málara.

FE hefur sagt að málameistarinn hafi unnið illa og hann hefði margoftert gert athugasemdir við vinnubrögð hans. Málameistarinn sem er mjög ósáttur við vinnubrögð FE kannast hins vegar ekkert við að hafa fengið athugasemdir við sína vinnu. Við skoðun bréfitara á þessu máli verður ekki annað séð en vinnubrögð FE flokkist sem óeðlileg frændhygli og brjóti í bága við 20. gr. Sveitarstjórnarlaga svo og 25. gr. Samþykktar um stjórn Garðabæjar sem samþykkt er af bæjarstjórn 13. ágúst 2013.

Þar segir: ***“Í öðrum tilvikum en skv. 1. mgr. ber bæjarfulltrúa, nefndarfulltrúa eða starfsmanni bæjarins að víkja sæti við meðferð og afgreiðslu máls þegar það varðar hann eða nána venslamenn hans svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Þessi regla tekur einnig til gerðar samninga fyrir hönd bæjarins.”***

Í vor réði Raftækjavinnustofa Sigurj. Guðm. ehf. til sín son FE. Í framhaldinu fór Raftækjavinnustofan að vinna verk sem við höfðum fram að þessu unnið. Einnig fór Rafboði ehf. að vinna verk sem við höfðum fram að þessu unnið en bæði þessi fyrirtæki hafa unnið raflagnavinnu fyrir austurhluta Garðabæjar. Bæði þessi fyrirtæki hófu sína landvinninga áður en hinn umdeildi reikningur var lagður inn. Betri rafverktakar hafa þá vinnureglu (siðareglu) að vera ekki að troða sér ekki inn á verkefni annarra nema að uppfylltum ýmsum skilyrðum og láta þá fyrri verktaka vita. Í samtali við rafverktakann [REDACTED] sagði hann að hann væri ekkert hrifinn af því að fara inn á okkar svæði en hann þorði ekki að andmæla af hræðslu við möguleg viðbrögð FE. Gagnvart fagmennsku, öryggismálum og ábyrgðum eru svona vinnubrögð slæm.

Stuttu eftir að málameistarinn var látinn fara sagði trésmiðameistarinn skyndilega upp störfum með tilþrifum vegna mjög erfiðra samskipta FE og hans undirmanns.

Þar sem ágreiningur FE við okkur er of nákominn okkur munum við aðeins segja að vinnubrögð FE gagnvart okkur kunni að brjóta í bága við 20. gr. sveitarstjórnarlaga svo og 25. gr. Samþykktar um stjórn Garðabæjar.

Þar sem FE hefur mögulega misbeitt valdi sínu og líkur eru á að frændhygli gagnvart mögulegum bjóðendum sé til staðar og margt í útboðinu virðist vera gert til að hindra og hygla mögulegum tilboðsgjöfum, gætu vanhæfisreglur gagnvart FE ógilt umrætt útboð.

Í símtali við [REDACTED] starfsmann Garðabæjar kom fram að umræddur FE hafi komið mjög mikið að gerð rammaútboðsins. Athygli vekur að hvergi í útboðinu eru settar fram kröfur um eftirtalda þætti: Víðtæka reynslu, mikla fagþekkingu, fjölbæfa menntun, vandvirkni, góða sögu, meðmæli, stuttan viðbragðstíma og þekkingu og reynslu af þeim stofnunum bæjarins sem vinna á við.

Að framansögðu má telja allmikla hættu á að niðurstaða útboðanna verði aðallega til tjóns fyrir bæjarfélagið.

Lagt er til að bæjarstjórn/bæjarráð afturkalli útboðið og endurskoði gerð þess á gæðaforsendum sveitarfélagsins.

Fyrir hönd Rafmagnsþjónustunnar ehf.

Kristján Sveinbjörnsson lögg. rafverktaki

Sími 892 9120